



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2023

GRUN1GT03

Grunnteikning

Kennari:	Hörður Helgi Hreiðarsson – hordur.helgi@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Nemendur fá almenna undirstöðuþekkingu á teikniaðferðum og læra helstu aðferðir við gerð einfaldra iðn- og vinnuteikninga. Þeir munu m.a. öðlast færni í lestri og gerð hornréttra fallmynda, sniða, ásmýnda og fríhendisteikninga.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Helstu reglum og aðferðum við teikningu.
- Þeim teikniáhöldum og aðföngum sem þarf til að gera einfaldar teikningar.
- Undirstöðuatríðum í lestri teikninga, gerð einfaldra tæknilegra vinnuteikninga og gerð einfaldra þrívíðra teikninga.
- Hornréttri fallmyndum hluta og sniðum.
- Hafi þekkingu á aðferðum við að teikna fríhendis.
- Mikilvægi vandaðs frágangs á teikningum.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota helstu teikni- og mæliáhöld til að gera einfaldar teikningar.
- Teikna hornrétt fallmyndun einfaldra hluta auk þess að teikna snið.
- Gera einfaldar þrívíðar teikningar bæði með og án teikni- og mæliáhalda.
- Gera einfaldar fríhendis teikningar í tví- og þrívídd.
- Ganga snyrtilega frá teikningum.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Teikna einfaldar vinnuteikningar s.s. hornrétt fallmyndum einfaldara hluta og snið.
- Útskýra innihald einfaldra fallmyndunarteikninga, ásmýnda og fríhendisteikninga og gera sér grein fyrir tilgangi þeirra.
- Vinna einfaldar þrívíðar teikningar bæði með og án teikni- og mæliáhalda.
- Vinna einfaldar fríhendisteikningar með helstu gerðum ásmýnda.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi þess að teikningar séu skýrar og einfaldar.

Námsefni:

- Grunnteikning 1 (bleika mappan). Bókin er eftir Ásmund Jóhannsson, Baldur J. Baldursson og Helgu Friðriksdóttur (fæst í Iðnú, Brautarholti 8, Rvk).

Önnur áhöld:

- Teikniborð (eða spónaplata og T stika)
- Blýpenni með 0,5 eða 0,7 blýi
- Horn 45°-45°-90°
- Horn 30°-60°-90°
- Strokleður og/eða tyggjóstrokleður
- Reglustika
- Málaralímband, mjótt.
- Sirkill

Gott að eiga en ekki nauðsynlegt:

- *Transparentpappír A4 eða A3. Þægilegra að stroka út af en venjulegur pappír og auðvelt að vinna með. Ekki nauðsynlegt. Sumir vilja ekki teikna í bókina og þá er þetta ágætis kostur.*
- *Línuveiðara. Til að stroka út án þess að skemma línur sem eiga að vera áfram. Ekki nauðsynlegt en kemur að mjög góðum notum við að snyrta og laga teikningar.*

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun eftir aðstæðum.

Dags.	Efni tíma	Stundir	Kennari
10. jan	Lotu vika. Kynning á áfanga, byrjað að teikna og verkefni næstu vikna kynnt. Unnið í verkefnum nr. 4, 5, 6, 9, 16, 17 og 33 í tíma	4	HHH
14. jan	Teiknað í tíma	4	HHH
21. jan	Teiknað í tíma	4	HHH
28. jan	Teiknað í tíma	4	HHH
4. feb	Lotu vika. <u>Skil á verkefnum til og með nr. 45</u> Teiknað meira og næstu verkefni kynnt unnið í 64, 67, 79, í tíma. Byrjað á ásmýndun og	8	HHH

	fríhendisteikningu, verkefni nr. 3. og 4 ef tími leyfir.		
11. feb	Teiknað í tíma	4	HHH
21. feb	Teiknað í tíma	4	HHH
28. feb	Teiknað í tíma	4	HHH
4. mars	Lotu vika. Teiknað í tíma og <u>verkefnum frá nr. 45-70 í fallmyndunarkafli skilað.</u> Unnið í fríhendisteikningu og ásmýndun.	8	HHH
20. mars	Teiknað í tíma	4	HHH

Skilaverkefni eru eftirfarandi

Fallmyndun:

2- 3- 4- 5- 6- 8- 9- 11- 13- 15- 16- 17- 18- 19- 20- 23- 25- 27- 28- 30- 32- 33- 34-36- 39- 42- 45- 48- 53- 54- 55- 59- 60- 63- 64- 65- 66- 67- 69- 70- 77- 79

Ásmýndun og fríhendisteikning:

1-2- 3- 4- 5- 8- 11- 18

Vanda þarf frágang verkefna og skila öllum verkefnum til þess að eiga kost á fullri einkunn.

Námsmat og sérreglur áfangans

Áfanginn er próflaus og byggist lokaekinn á verkefnaskilum. Skilaverkefni er 50 talsins og fyrir snyrtilegt og rétt unnið verkefni fást mest 2 punktar.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 8.1.2025

Hörður Helgi Hreiðarsson